

Fundargerð

22. fundur Loftslagsráðs, 18. mars 2020, kl 10.00-12.00

Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði í ljósi Covid-19

Mættir:

Halldór Þorgeirsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Hrönn Hrafnisdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson, Maríanna Traustadóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, Gunnar Dofri Ólafsson, Sigurður Thorlacius, Árni Finnsson, Steingrímur Jónsson, Hildur Hauksdóttir, Jóhanna Harpa Árnadóttir og Berglind Ósk Alfreðsdóttir.

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð seinasta fundar

Fundargerð 21. fundar Loftslagsráðs þann 26. febrúar var samþykkt.

2. Samskiptastefna Loftslagsráðs

Elías Jón Guðjónsson og Gunnar Þorvaldsson hjá AtonJL kynntu drög að samskiptastefnu Loftslagsráðs.

AtonJL hefur unnið með Loftslagsráði undanfarnar vikur að gerð samskiptastefnu. Mikilvægur hluti verkefnisins var stefnumótunarfundur með ráðinu á Hellisheiði í janúar þar sem fulltrúum og varafulltrúum var boðið í samtali um helstu áherslur ráðsins og hvernig það sér fyrir sér að ráðið starfi. AtonJL hefur unnið að því að draga saman niðurstöður fundarins og setja fram samskiptastefnu í samvinnu við ráðið og voru þau drög kynnt á fundinum.

Meginmarkmið vinnunnar er að marka Loftslagsráði samskiptastefnu þar sem skilgreint er hvernig ráðið getur með skipulögðum samskiptum styrkt stöðu sína í umfjöllun um og viðbrögðum við loftslagsvá.

Samskiptastefnan er sett upp með eftirfarandi hætti:

1. Stefnumótun og greining
2. Markmið
3. Orðræða
4. Leiðir
5. Tillögur að aðgerðum

Fundarmenn fengu tækifæri til að lýsa fyrstu viðbrögðum og var almenn ánægja með skjalið sem fundarmenn töldu myndu bæði einfalda og skerpa vinnu ráðsins.

Drög að stefnunni voru gerð aðgengileg á Teams í kjölfar fundar. Gefst fundarmönnum tækifæri til að koma með athugasemdir við stefnuna hvað varðar efni og framsetningu fram á 25. mars. Gert er ráð fyrir að

samskiptastefnan geti verið samþykkt stuttu síðar.

3. Hagræn stjórnþæki

Ráðgjafafyrirtækið Capacent var fengið til að vinna yfirlit um þau hagrænu stjórnþæki sem til staðar eru á Íslandi. Starfandi er hópur innan Loftslagsráðs sem tekið hefur utan um þessa vinnu en Brynhildur Davíðsdóttir hefur umsjón með vinnu hópsins.

Drög að yfirliti Capacent hafa borist og voru rædd í hópnum föstudaginn 13. mars en fulltrúar hópsins sendu inn athugasemdir við skjalið í kjölfarið og verða þær teknar saman og kallað aftur til fundar í undirhópnum. Miðað athugasemdir m.a. að því að styrkja greiningu og umfjöllun um tölulegar stærðir. Markmið með vinnunni er að fá heildarmynd af þeim hagrænu stjórnþækjum sem beitt er á Íslandi í samhengi loftslagsmála og þeim fjármunum sem renna til og frá stjórnvöldum vegna þeirra.

Í kjölfarið verða athugasemdir sendar til greiningaraðila. Stefnt er að sameiginlegu minnisblaði ráðsins um hagræn stjórnþæki í vor.

4. Önnur mál

a. Stjórnsýsluúttekt

Unnið er að úttekt um stjórnsýslu loftslagsmála. Sú vinna er langt komin og voru meginskref úttektarinnar kynnt fyrr.

Fyrsta skrefið voru djúpvíðtöl við lykilaðila. Þau víðtöl eru langt komin og hafa formaður og varaformaður fengið kynningu á fyrstu niðurstöðum víðtala. Er mat þeirra að vinnan muni veita mjög gagnlega innsýn í málaflokkinn en einnig upplýsingar sem nýtast munu ráðinu í sínu starfi hvað varðar m.a. eðli og persónu ráðsins.

Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í maí.

b. Kolefnisjöfnun

Á seinasta fundi ráðsins var ákveðið að ljúka umfjöllun ráðsins um kolefnisjöfnun með því að boða til óformlegs samráðsfundar. Komin er tímasetning á þann fund sem haldinn verður með fjarfundarsniði þann 26. mars frá kl. 10.30 til 12.15. Auk fulltrúa í Loftslagsráði verður þangað boðið fulltrúum Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Kolviðar, Votlendissjóðs, iCert, Tún, og Landbúnaðarháskólans.

Fundarboð verður sent við fyrsta tækifæri.

c. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun loftslagsmálum langt komin en sökum aðstæðna í þjóðfélaginu er ekki ljóst hvenær hægt verður að gera áætlunina opinbera. Gefa aðstæður þó tækifæri á að meiri tími gefist Loftslagsráði til yfirferðar á áætluninni. Verða fulltrúar í ráðinu látnir vita um leið og línur skýrast

varðandi tímasetningu á birtingu áætlunarinnar og einnig hvenær ráðið getur fengið skjalið til yfirlestrar.

d. Kolefnishlutleysi

Lokadrög að áliti um kolefnishlutleysi voru send fyrir viku og gerðu nokkrir fulltrúar athugasemdir við skjalið.

Ekki er gert ráð fyrir efnislegum breytingum en athugasemdir bárust frá fulltrúum og gert er ráð fyrir að lokið verði skjalið innan fárra daga.

e. Verkefnastjóri Loftslagsráðs

Auglýst var eftir verkefnastjóra fyrir Loftslagsráð. Alls bárust 69 umsóknir en kvarnaðist úr þeim hópi þegar óskað var eftir að listinn yrði gerður opinber og alls eru því 52 umsækjendur.

Valdir hafa verið 17 aðilar og verkefni lagt fyrir þann hóp. Vænst er til þess að viðtöl geti átt sér stað í næstu viku. Gert er ráð fyrir að um 5 aðilar verði kallaðir til viðtals.

f. Fundargerðir

Starfsmaður leggur til nýtt fyrirkomulag við samþykktir fundargerða. Þær verði framvegis settar á Teams í kjölfar fundar og fulltrúum gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Frestur til athugasemda verður vika og í kjölfarið verður samþykkt fundargerð sett á vefsíðu ráðsins. Þetta fyrirkomulag var samþykkt af fundarmönnum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.